

19. *Saga Hyrnis og Skelfis*

I

Bæði í Sannýal og í grein um kvíkmyndasýningu (Fantasia), hefi ég sagt nokkuð af dýri, sem í jarðfræðinni er nefnt Tyrannosaurus, og talið hafa verið stærst og ógurlegast allra rándýra, sem á landi hafa lifað. Gat ég þess, að í Alfræðinni bresku (E. Br.) hefði of lítið verið gert úr þessum Skelfi dýraríkisins, en þar er hann sagður hafa verið 37 fet á lengd.

— Í hinni ágætu kennslubók, sem getið er um í greininni „Viðsýnni jarðfræði“ hér á undan, segir að beinagrind þessa dýrs, sem er í hinu mikla náttúrugripasafni í New York, sé 47 fet á lengd, og ef, samkvæmt því, er gert ráð fyrir, að meðaldýr þeirrar tegundar hafi verið um 50 fet, þá hefir heimild sú, sem ég fór eftir í Sannýal, ýkt nokkuð stærð ránrisans. Er ekki ósennilegt, að líkt hafi verið um stærð þeirra risanna Skelfis og Hyrnis, er svo mætti nefna (Triceratops), en hinn síðarnefndi, sem gekk á fjórum fótum, þó líklega nokkru þyngri en Skelfir, sem aðeins gekk á afturfótunum. — Er nú býsna fróðlegt að sjá, hvernig Hyrnir, sem var jurtaæta, hefir verið útbúinn til varna gegn ránrisanum, sem ekki er ólíklegt að hafi sótt mjög á hann. Segir í hinni ágætu kennslubók, að ekki sé ósennilegt, að menn mundu vilja fara langar leiðir til að sjá slíka „heavy-weighters“ eigast við. (Orðið er úr íþróttamálinu). Er og ekki ótrúlegt, að sá aðgangur muni oft hafa verið bæði harður og langur. Hvort dýrið um sig mun hafa haft krafta á við nokkra fíla, og þyngdin eftir því. — Hafði Hyrnir 3 geismikil og hvöss horn á höfði, en aftur af gekk beinskjöldur mikill og þykkur, til hlífðar þeim stað, er Skelfir hefir helst leitast við að bíta. Voru um 8 fet frá afturrönd skjaldarins og fram á snoppu, og Hyrnir hefir verið torsóttur og sjálf sagt stundum getað komið hinum ógurlegu hornum sínum þannig við, að það varð Skelfir, sem beið lægri hlut.

II

Dýrategundirnar, þar sem andstillingin til sóknar og varnar hafði náð þessu hámarki, liðu algerlega undir lok, og er

býsna eftirtektarvert, hve mjög þessi þáttur úr sögu jarðlífsins minnir á það, sem seinna hefir gerst, eftir að mannkynið kom til sögunnar. Því að í mannfélögunum hefir andstillingin í hernaðarefnum sífellt farið vaxandi, og þó aldrei líkt því eins geist og geigvænlega og á þessum síðustu tímum. Er óhætt að segja, að meðan svo er, þá er mannkynið á glötunarvegi, eins og risar krítartímabilsins. En sá er munurinn, að þótt komið sé fram á barm glötunarinnar, þá er enn nokkur von um, að mannkynið geti áttað sig á hættunni og látið sér skiljast, hvert þess ætlunarverk er í sögu jarðlífsins og raunar alheimsins. En ætlunarverkið er það að vinna, að sínum hluta, að sköpun æ fegri og í alla staði fullkomnari heims.

20. Nytsemi draumlífsins

I

Í vestanblaðinu Lögbergi, 10. júlí s. l., er grein eftir Víglund Vigfússon, sem heitir Litið um öxl. Er þar draumsaga, sem vert er að vekja athygli á. Víglundur er staddur á bæ, þar sem hestar höfðu horfið og verið leitað kappsamlega, en ekki fundist. Rétt áður en Víglundur sofnar um kvöldið, biður annar leitarmaðurinn hann að gera næsta morgun tilraun til að finna hestana — hafði hann af ástæðum, sem getið er um í greininni, mikið álit á fundvísni Víglundar — en hann játar að fara. Víglundur sofnar síðan og dreymir, að hann sé á ferð ríðandi og sjái hesta two álengdar. Vaknar hann nú og leggur þegar upp í leitina, kemur þar sem honum finnst hann kannast við sig úr draumnum, sér hesta two álengdar, og reynast það vera hestarnir, sem hann er að leita að.

II

Draumsaga þessi er eftirtektarverð, af því að þarna kemur stillilögþálið svo vel fram, þýðing þess, að fleiri séu samhuga um eitthvert áhugamál, og þýðing traustsins. Af þessum ástæðum getur Víglundur í svefninum fengið samband við fullkomnara vit, líkt og fuglinn, sem fyrir skylt samband, ratar hina „háu vegaleysu“.